



Nefndarálit eftirlitsnefndar um

## skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar 2015

### Tillaga

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð samþykki

að færa til bókar ársreikninga og skýrslu endurskoðanda um Norrænu ráðherranefndina 2015;

að hvetja Norrænu ráðherranefndina, Nordregio (Norrænu stofnunina um rannsóknir og þróun í byggðamálum), NordGen (Norrænu miðstöðina um erfðaauðlindir) og NVC (Norrænu velferðarmiðstöðina) til að fylgja eftir þeim athugasemdum um stjórnarsýsluhætti sem komið hafa fram við endurskoðunina.

### Aðdragandi

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) fyrir reikningsárið 2015.

Niðurstaða ársins 2015 sýnir afgang sem nemur 19,4 milljónum danskra króna (m.d.kr.) en árið 2014 nam afgangurinn 25,5 m.d.kr. Framlag frá löndunum lækkaði um 23,8 m.d.kr. frá 2014 til 2015 sem að hluta útskýrir að rekstrarafgangur er minni árið 2015. Gert er ráð fyrir að samstarfsráðherrarnir færi rekstrarafganginn aftur til landanna. Vegna gengisbreytinga hefur útgjaldaliðurinn „gengistap, vaxtagjöld og önnur gjöld“ hækkað úr 0,7 m.d.kr. á árinu 2014 í 8,3 m.d.kr. vegna ársins 2015.

Heildartekjur ársins 2015 námu 959 m.d.kr. en árið 2014 námu þær 981 m.d.kr. Heildarútgjöld ársins námu 930 m.d.kr. en árið 2014 námu þau 969 m.d.kr. Meginhluti útgjaldanna, eða 918 m.d.kr., voru vegna stofnana, samstarfsstofnana og einstakra verkefna en samanlagður rekstrarkostnaður skrifstofunnar nam 77 m.d.kr.

Reikningar sýna að eiginfjárstaða Norrænu ráðherra nefndarinnar er neikvæð um tæplega 100 m.d.kr. áður en samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið hvernig rekstrarafgangnum verður varið. Neikvæða eiginfjárstöðu má skýra með því að afskrifaðar voru kröfur til landanna frá árinu 2005 sem námu -50 m.d.kr. en einnig með vanáætlun í fjárhagsáætlun ársins 2009 sem nam -70 m.d.kr. Samkvæmt fjárhagsreglum ráðherra nefndarinnar verður eiginfjárstaðan bætt með framlagi frá löndunum ef lausafjárstaðan krefst þess.

Norðurlandaráð

**C 3/kk**

Afgreiðsla:  
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer: 16-00173-6

Fjármagn sem fært er milli ára nam árið 2015 43,1 m.d.kr. en árið 2014 nam það 41,3 m.d.kr. Hlutur óráðstafaðs fjár af þessari upphæð er 17,6 m.d.kr. en það er fjármagn sem ekki hefur verið ráðstafað til ákveðinna verkefna í árslok, en verður yfirfært til næsta árs til sams konar starfsemi í samræmi við gildandi reglur.

Einnig var framkvæmd stjórnsluendurskoðun með áherslu á eftirfylgni með bókhaldi vegna styrkja (verkefna). Endurskoðunin staðfestir að verkferlar séu ekki fullnægjandi varðandi skjalfestingu þess að starfsmenn fari yfir bókhaldið og meti hvort verkefnafé sé nýtt eins og vera ber. Hins vegar er staðfest er að eftirlit með skýrslugjöf varðandi faglegar niðurstöður er fullnægjandi, og skilyrði fyrir styrkjum uppfyllt. Fram kemur að ráðherra nefndin hefur upplýst að til standi að bæta úr þessu. Úrtaksgreining á umsýslukostnaði sýnir að umsjón fjármuna er fullnægjandi. Fram kemur að reikningar og bókfærsla vegna nýrra skrifstofuhúsgagna í lok 2015 var óskýr en það hefur endurskoðandi leiðrétt í samráði við ráðherra nefndina. Endurskoðunin hefur einkum beint sjónum að lokun skrifstofanna í Rússlandi og umsýslu EHU-sjóðsins (EHU-trustfond) sem skrifstofan í Vilnius hefur annast en sem verður nú lagður niður. Framvinda þessa er í samræmi við væntingar.

Ábyrgð á endurskoðun vegna norrænna stofnana er hjá ríkisendurskoðun í því landi sem stofnunin hefur bækistöðvar sínar. Endurskoðunarskýrslan felur í sér yfirlit yfir þær athugasemdir sem hafa komið fram. Hjá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni í Ósló hafa m.a. starfsmannaútgjöld verið talin með vörum og þjónustu og þar skortir á sundurliðun rekstrarreiknings. Hjá Nordregio í Stokkhólmi hefur ekki verið farið að ábendingum endurskoðunar frá árinu 2014 um skjalfestingu þess að eftirlit hafi verið gert. Einnig komu í ljós minniháttar villur í reikningunum og frávik frá tilmælum Norrænu ráðherra nefndarinnar. NordGen í Alnarp hefur ekki farið að fyrri tilmælum um að launagreiðslur skuli vottaðar af tveimur einstaklingum sem hafi til þess umboð. Enn fremur kemur fram að NordGen hafi veitt aukagreiðslur og starfsmannahlunnindi sem ekki eru í samræmi við leiðbeiningar í Stofnanahandbókinni og að eftirlit með lokaskýrslum hafi ekki verið fullnægjandi. Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) í Stokkhólmi hefur aftur vanrækt að tryggja að tveir einstaklingar komi að greiðslum, og villur komu fram í bókhaldi vegna verkefna.

Athugun á fundargerðum Norrænu ráðherra nefndarinnar (MR-SAM og NSK) árið 2015 leiddi í ljós að samþykktir fundanna koma skýrt fram í ársreikningum.

### **Niðurstaða Ríkisendurskoðunar**

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að ársreikningurinn gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Norrænu ráðherra nefndarinnar þann 31. desember 2015.

Ennfremur kemur fram í skýrslunni að teknir hafi verið upp verkferlar og innra eftirlit sem stuðla að því að þær ráðstafanir sem ársreikningurinn nær til eru í samræmi við lög og aðrar reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

## Sjónarmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur kemst að þeirri niðurstöðu að ársreikningur Norrænu ráðherranefndarinnar gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki eru gerðar verulegar athugasemdir við ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2015.

Að mati nefndarinnar er það óviðunandi að NVC, Nordregio og NordGen hafi ekki fylgt eftir tilmælum vegna endurskoðunar reikninga fyrir árið 2014. Gert er ráð fyrir að það endurtaki sig ekki.

Eftirlitsnefndin bendir á að eiginfjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar er neikvæð um 100 milljónir danskra króna. Samkvæmt fjárhagsreglum ráðherranefndarinnar verður bætt úr eiginfjárstöðu með greiðslu frá löndunum þegar lausafjárstaðan krefst þess og því stofnar staðan ekki starfseminni í hættu.

Nefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur telur nýtingu fjár vera í samræmi við gildandi reglur, reikningsskilavenjur og ákvarðanir um ráðstöfun fjár, og að umsýslan er talin vera í lagi.

Að mati nefndarinnar er það ekki ásættanlegt að Norrænu ráðherranefndinni hefur ekki enn tekist að innleiða góðar starfsvenjur þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um það í fyrri endurskoðunarskýrslum.

Stokkhólmi, 27. september 2016

*Christian Poll (Alternativet)*  
*Eva Sonidsson (S)*  
*Jan Erik Messmann (DF)*  
*Jan Lindholm (MP), formaður*  
*Ruth Mari Grung (A)*  
*Susanna Koski (saml)*

Norðurlandaráð

**C 3/kk**

Afgreiðsla:  
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer: 16-00173-6